

# Starfsleyfi.

## Orkuveita Reykjavíkur

Kt: 551298-3029

Leyfi til að starfrækja: **Aðveitustöð**

Aðsetur starfseminnar: **Hnoðraholt, aðveitustöð 7, Kópavogi**

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis samþykktir að veita umbeðið leyfi samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum, sbr. og liður 9.2. varðandi stórar spennistöðvar í fylgiskjali 2 við sömu reglugerð. Eftirlitsgjöld verða innheimt skv. ákvæðum ofangreindra laga.

**Leyfið gildir frá 9. desember 2002 til 8. desember 2012.**

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnamál hverju sinni sé fylgt, sem og neðangreindum starfsleyfisskilyrðum sem um starfsemina gilda.

- 1. Almenn skilyrði vegna mengunarvarna sbr. auglýsingu nr. 582/2000.**
- 2. Sértekur kröfur heilbrigðisnefndar fyrir spennistöðvar með spennum sem eru með yfir 2.000 lítra af spennuolú dags. 9. desember 2002**

Eintök af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna.

Leyfið er bundið kennitölu og ofangreindu aðsetri starfseminnar. Við flutning fyrirtækisins fellur leyfið úr gildi. Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geta ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara. Taki nýr rekstraraðili við starfseminni er heimilt að fenginni umsókn, að færa starfsleyfið á nýjan rekstraraðila án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi enda verði engin önnur breyting á starfseminni. Skýlt er að framvísa leyfinu hvenær sem opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

